

523. mál

Mönnunarnefnd skipa sem undirritaður á sæti í f.h. Félags skipstjórnarmanna gerði tillögu um breytingu á bráðabirgðarákvæði laga nr. 30/2007 til Innanríkisráðuneytis (Samgönguráðuneytis) sem fjallaði um lagfæringu varðandi 30 brúttórúmlestaréttindi. Tillagan fjallaði eingöngu um þetta bráðabirgðaaatriði.

Nú birtist allt í einu í frumvarpi til laga ákvæði varðandi lóðs- og dráttarskip og vinnuskip sjókvíaeldisstöðva ásamt ákvæði um að ráðherra skuli í reglugerð mæla fyrir um farsvið þessara skipa. Þessi ákvæði hefur enginn sem málið varðar séð eða fjallað um og er í engum tengslum við það sem mönnunarnefnd taldi sig vera að leysa með tillögunni um 30 brúttórúmlesta réttindin.

Félag skipstjórnarmanna mótmælir þessum vinnubrögðum harðlega og sér enga ástæðu til breytingar laganna í þessa veru án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila.



Félag
skipstjórnarmanna
